

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Efsti-Dalur 3, L199008, Efsti-Dalur 2C.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Efsta-Dals 2 í Laugardal. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð umhverfis vélaskemmu innan deiliskipulags sem skráð er á Efsta-Dal 3, L199008. Lóðin er 755 m² að stærð og fær nafnið Efsti-Dalur 2C.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. febrúar 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. febrúar 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2021